



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2026

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingar á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Vísað er til máls nr. S-71/2026 í samráðsgátt – Breyting á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur rýnt gögn málsins og veitir eftirfarandi umsögn.

Mjög tímabært var að bæta úr ágöllum á reglugerðinni og má geta þess að vakin var athygli á nauðsyn þeirrar breytingar sem lögð er til í 2. gr. strax við útkomu reglugerðarinnar árið 2017. Að mati HER er þörf á frekari breytingum á reglugerðinni en hér eru lagðar til en ekki verður farið nánar út í það hér.

HER tekur undir ábendingu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (HES) í umsögn þess frá 13. Mars 2026 um að breyting sem lögð er til í 7. gr. ætti einnig að vera lögð til í 8. gr. þ.e. að við 3. mgr. 51 gr. bætist við eftirfarandi: Leiða skal afrennsli frá olíuskilju í skólphluta fráveitu þar sem um tvöfalt fráveitukerfi er að ræða. Fjöldmörg dæmi eru um olíumengun í ofanvatni þar sem frárennsli frá olíuskiljum er veitt í ofanvatnslagnir og ef tæmingum er ekki sinnt eða bilun/skemmd kemur upp getur orðið mengunaróhapp með tilheyrandi áhrifum á viðkvæm vistkerfi s.s. í ám, vötnum og strandsjó. HER vill einnig taka fram að þessi krafa ætti einnig að eiga við eldri bílapvottastöðvar, ekki einungis nýjar eða breyttar. Athuga ber að starfseminni fylgir líka önnur efnamengun s.s. notkun leysiefna, og því er mikilvægt að leiða frárennslið í skólpl til að vernda viðtaka.

HER tekur einnig undir ábendingar HES í sömu umsögn um að vísun í starfsleyfi á ekki við og getur verið villandi nú þegar stór hluti starfsemi þar sem krafa er um olíuskilju er orðinn skráningarskyldur en ekki starfsleyfisskyldur. HER hefur áður bent á að starfsskilyrði sem gilda um skráningarskylda starfsemi eru ekki breytanleg með einföldum hætti, sem kemur sér afar illa þar sem taka þarf mið af staðbundum aðstæðum. Sem dæmi gæti frárennsli verið veitt í viðkvæman viðtaka og þyrfti því ríkari kröfur inn í skilyrðin. Það kemur ekki fram í reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að heilbrigðiseftirlitssvæðin, sem staðfesta skráningar, hafi heimild til að setja sértæk



starfsskilyrði þegar aðstæður kalla á það. Núverandi löggjöf gefur því ekki færi á nauðsynlegri aðlögun eins og unnt var að beita áður með starfsleyfisskilyrðum sem hægt var að endurskoða og breyta skv. skýrum ferlum. Slík heimild er mjög brýn til hægt sé að setja fullnægjandi kröfur í þeim tilvikum þar sem starfsskilyrði Umhverfis- og orkustofnunar duga ekki til.

Loks tekur HER undir ábendingar HES er varða breytingar sem 8. gr. boðar, þ.e. breytingar á 3. mgr. 51. gr. reglugerðar nr. 884/2017. Mikill breytileiki er í stærð, umfangi starfsemi, búnaði, efnum og efnanotkun þegar horft er til bílapvottastöðva. Eigi að halda sig við að gera umrædda kröfu aðeins fyrir nýjar eða endurbættar stöðvar er þörf á að setja inn einhver viðmið eða skilgreiningar fyrir eftirlitsaðila að styðjast við þegar meta skal hvort breytingar á starfandi bílapvottastöð falla undir ákvæðið.

Að mati HER er þörf á því að skoða vel hvaða kröfur eru gerðar til tegundar og virkni hreinsibúnaðar á fráveitu frá bílapvottastöðvum. Gott væri að skoða hvaða kröfur eru gerðar í nágrannalöndum, sér í lagi á svæðum þar sem notuð eru leysiefni s.s. tjöruleysar. Á síðustu misserum hefur kvörtunum vegna lyktarónæðis frá fráveitu fjölgað mikið í Reykjavík en einnig í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur og víðar samkvæmt upplýsingum frá öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum. Oft er þá kvartað yfir leysiefnalykt. HER, HEF og HES hafa átt í samtali við UOS um þessa þróun en hún gerist samhliða því að sjálfvirkum bílapvottastöðvum hefur fjölgað á þessum svæðum. HER hefur fyrir hönd þessara svæða óskað leiðbeininga UOS um hvernig standa skuli að sýnatökum í frárennsli frá sjálfvirkum þvottastöðvum til að hægt sé að kanna hvort skiljubúnaður við stöðvar sé að þjóna hlutverki sínu. Niðurstöður sýnatöku ásamt könnun á kröfum sem gerðar eru til starfsemi bílapvottastöðva í nágrannalöndum gætu kallað á breyttar kröfur til mengunarvarnarbúnaðar við slíka starfsemi.

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri umhverfiseftirlits

Svava S. Steinarsdóttir
verkefnastjóri í vöktun